

Þjálfarar

BFSÍ gefur út réttindi til bogfimiþjálfara.

Til þess að leiðbeina, þjálfra eða hafa umsjón með börnum og ungmönnum innan vébanda BFSÍ þarf viðkomandi að uppfylla ákvæði 10 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 s.s. að hafa ekki fengið refsidóm fyrir kynferðisafbrot gegn börnum. Eða fengið refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á síðast liðnum 5 árum.

Skilgreining á bogfimiþjálfara:

Til þess að vera bogfimiþjálfari þarf viðkomandi að:

- Hafa setið öll námskeið eða endurmenntun fyrir viðeigandi þjálfara stig hjá BFSÍ.
- Hafa staðist viðeigandi próf/mat til að ná viðeigandi þjálfara stigi.
- Hafa gengist undir að fylgja hegðunarviðmiðum ÍSÍ fyrir þjálfara.
- Vera virkur í starfi aðildarfélags síns.

Þjálfarastig innan BFSÍ.

- BFSÍ/WA bogfimiþjálfari stig 1 – Þjálfari sem getur sinnt þjálfun byrjenda til lengra kominna.
- BFSÍ/WA bogfimiþjálfari stig 2 – Þjálfari sem getur sinnt þjálfun lengra kominna til landsliða.
- BFSÍ/WA bogfimiþjálfari stig 3 – Þjálfari sem getur sinnt þjálfun landsliða til afreksfólks á hæsta stigi.

Skilgreining á leiðbeinanda:

Leiðbeinandi er einstaklingur sem hefur lokið þjálfaramenntun að hluta, s.s. hefur setið þjálfaranámskeið en ekki fengið mat eða einungis lokið ÍSÍ þjálfarastigum en er virkur í að aðstoða á æfingum aðildarfélags undir handleiðslu bogfimiþjálfara. Aðildarfélög BFSÍ skulu halda lista yfir leiðbeinendur sem leiðbeina á æfingum félagsins og hve lengi þeir hafa starfað sem slíkir fyrir félagið.

Þjálfaramenntun BFSÍ:

Kröfur sem þarf að uppfylla til þess að sitja þjálfaranámskeið eru skilgreind á vefsíðu sambandsins. BFSÍ fer eftir viðmiðum þjálfaramenntunarkerfis heimssambandsins WA og ÍSÍ.

Möguleg viðurkenning á annarri þjálfaramenntun:

Gert er ráð fyrir því að allir sitji þjálfaranámskeið á vegum BFSÍ/WA. Hins vegar eru sum lönd með sitt eigið menntakerfi fyrir bogfimiþjálfara, sem í sumum tilvikum er ekki sambærilegt við það sem BFSÍ/WA gerir kröfu um. Mögulegt er að fá þjálfaramenntun sem haldin er af heimssambandinu í öðrum löndum metna upp á sama stig hjá BFSÍ.

Þjálfaramat/próf:

Enginn er undanþeginn því að standast þjálfaramat/próf fyrir hvert þjálfarastig. Slíkt er gert til að tryggja að þjálfarar af ákveðnu stigi geti sinnt ákveðnum verkefnum og hafi þá þekkingu sem þarf til að þjálfra í bogfimi. Þjálfarapróf/mat er almennt gert samhliða þjálfaranámskeiðum.

Viðhald réttinda:

Þjálfarar eru aldrei full menntaðir og hvattir til þess að auka þekkingu sína sífellt. Ákveðnar lágmarkskröfur á virkni eru settar til að halda bogfimiþjálfararéttindum.

Virkni allra bogfimiþjálfara er metin einu sinni á ári í samstarfi við aðildarfélög sem þeir þjálfra fyrir. BFSÍ skal halda lista af virkum bogfimiþjálfurum aðildarfélaga með BFSÍ/WA þjálfararéttindi á vefsíðu sambandsins. Endurmenntunar er þörf á a.m.k. fjögurra ára fresti, í formi námskeiðs, fyrirlestrar eða sambærilegrar viðbótar. BFSÍ getur krafist þess að bogfimiþjálfarar sem hafa ekki verið virkir sem

Þjálfarar lengi eða sem hafa misst réttindi sín af öðrum orsökum, endurtaki námskeið eða þurfi að taka námskeið til endurmenntunar til að halda réttindum sínum.